

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F121/2022

Reykjavík, 2. nóvember 2022

Sigríður Björk Guðjónsdóttir  
Ríkislögreglustjóri  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

Í frétt sem birt var í Morgunblaðinu 29. október sl. var greint frá því að hnökrar hefðu komið upp í tengslum við nýtt rafrænt skotvopnakerfi sem nýlega var tekið í gagnið en með því hafi umsóknarferlið vegna skotvopnaleyfa verið gert stafrænt. Hnökrarnir lýsi sér m.a. í því að erfiðlega gangi að skrá þar skotvopn auk þess sem tafir hafi orðið á útgáfu leyfa. Samkvæmt upplýsingum frá ríkislögreglustjóra sé unnið að úrbótum. Í fréttinni er m.a. vitnað í upplýsingar á vef löggreglunnar ([www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)) þar sem segir „sækja þarf rafrænt um skotvopnaleyfi eða leyfi til að eignast skotvopn, ekki er tekið við umsóknum nema á rafrænu formi.“

Í IX. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eins og lögunum var breytt með lögum nr. 51/2003, er fjallað um heimild til rafrænnar meðferðar máls. Þar segir í 1. mgr. 35. gr. að stjórnvald ákveði hvort boðið verði upp á þann valkost að nota rafræna miðlun upplýsinga við meðferð máls. Í téðu ákvæði og athugasemdum við síðargreindu lögin, er m.a. vikið að skyldu stjórnvalda til að haga rafrænni meðferð mála á þann veg að sem flestir geti nýtt sér það hagræði sem felst í slíkri meðferð. Er þá m.a. vísað til vals á þeim vél- og hugbúnaði sem notaður er, sbr. 3. málslíð 1. mgr. 35. gr. laganna.

Með hliðsjón af framangreindu og áður en umboðsmaður tekur ákvörðun um hvort hann taki mál þetta til frekari athugunar á grundvelli þeirra heimilda sem honum eru fengnar samkvæmt lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laganna, að ríkislögreglustjóri veiti upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hvort rétt sé að eingöngu sé tekið við umsóknum um skotvopnaleyfi í gegnum rafrænt skotvopnakerfi á þjónustuvefnum [island.is](http://island.is). Ef svo er, er þess óskað að ríkislögreglustjóri skýri á hvaða lagagrundvelli sú framkvæmd er reist.
2. Í ljósi þeirra hnökra á rekstri umrædds skotvopnakerfis sem fjallað er um í fréttinni er óskað upplýsinga um hvort kerfið hafi verið prófað áður en það var tekið í gagnið og þá með hvaða hætti.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar og skýringar berist umboðsmanni Alþingis eigi síðar en 23. nóvember nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

  
Anna Rut Kristjánsdóttir